

# MENNINGAR- OG SAFNANEFND

## FUNDUR – 5. janúar 2005

Fundur haldinn í menningar- og safnanefnd miðvikudaginn 5. janúar 2005 í Kvennaskólanum kl. 20:00.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá.

1. Matur og menning 2005.
2. Framtíð Hillebrandtshúss.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Rætt var um fyrirkomulag hátíðarinnar, matur og menning sem fyrirhugað er að halda í sumar, kringum 15. – 17. júlí. Hugað er að því að fá sem flest fyrirtæki til að koma að hátíðinni og vera með sýningar og sölubása í íþróttahúsinu.

Einnig var rætt um að virkja Kvennaskólahúsnæðið sem aðráttarafl t.d. opið hús fyrir fyrrverandi nemendur og sitthvað fleira.

Stefnt er að því að vera með hagarðingakvöld og þarf mjög að vanda til undirbúnings fyrir það og tala við alla aðila sem koma að því með góðum fyrirvara, kanna þarf möguleika á því að hafa meira því samhliða t.d. sönglagakeppni.

Ekki er enn ljóst með þátttöku Bylgjulestarinnar í sambandi við hátíðina, ýmsar hugmyndir komu fram um aðra skemmtikrafta.

2. Rætt var um framtíð Hillebrandtshúss og finnst okkur í nefndinni það vera orðin mikil nauðsyn að einhver starfssemi verði í þessu húsi. T.d. athuga með hafissafn, veðurathugunartæki og fl.
3. Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið.

Hlíf Sigurðardóttir  
Valdimar Guðmannsson  
Sigríður Helga Sigurðardóttir

